

Sæl öll

**Nú er opið fyrir skráningu í sérúrræði í prófum hjá námsráðgjöfum MH. Sérúrræðin eru fyrir nemendur sem eiga greiningu af einhverju tagi, hafa skilað inn vottorði frá lækni/sálfræðingi eða verið í reglulegu sambandi við námsráðgjafa.**

Nemendur sem vilja taka próf í kennslustofu, fá upplesin próf, fá lituð prófblöð eða annað úrræði, þurfa að koma til námsráðgjafa sem fyrst. Umsóknarfresturinn er til og með 31. mars.

**ATH. Ekki þarf að sækja um lengri próftíma.**

Ef einhverjar spurningar vakna þá hafið þið samband við okkur í námsráðgjöfinni.

Kv. Fríður og Ásdís námsráðgjafar MH